Nd. **184. Breytingartillögur**

við frv. til laga um útsvör.

Frá minni hluta allsherjarnefndar (J. Bald.).

1. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist:
   Í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sjerstakt sveitarfjelag, má þó eigi leggja viðbótarútsvar á 80 króna aðalútsvar eða lægra og annarsstaðar eigi á 40 króna útsvar eða lægra.
2. Við 6. gr. II. 1. Orðin »Eigi má . . . . . . þetta efni« falli niður.
3. Við 17. gr. Orðin »konur geta skorast undan kjöri« falli niður.
4. Við 23. gr. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Úrskurður yfirskattanefndar er fullnaðarúrskurður um útsvarsfjárhæð.
5. Við 24. gr. Greinin falli niður.
6. Við 26. gr. Orðin »eða atvinnumálaráðuneyti heldur« falli niður.
   Greinatala breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.